

## Akstursþjálfun hjá EvoBus í Hockenheim

EvoBus, sem er rútedeild Mercedes Benz samstæðunnar, Ökuland ökuskóli/ferðaskrifstofa, Guðmundur Jónasson ferðaskrifstofa og Guðni Sveinn Theodórsson ökukennari bjóða upp á akstursþjálfun á sérhönnuðu æfingasvæði við Hockenheim í Þýskalandi í október fyrir öikumenn og eigendur hópþifreiða sem og aðra áhugasama.

Pátttakendur sameinast eftir námskeiðið hóp frá Guðmundi Jónassyni og munu skoða rútusýninguna Busworld í Belgíu.

Auk akstursþjálfunar á Hockenheimring verður farið í heimsókn í hópþifreiða- og strætisvagnaverksmiðju EvoBus í Mannheim. Þar eru smíðaðar grindur fyrir bæði strætisvagna og hópþifreiðar. Þar fer einnig fram fullkornasta ryðvörn sem boðið er upp á í hópþifreiðum í dag og einnig er hægt að fylgjast með samsetningu strætisvagna.

Námskeiðið fæst metið til endurmenntunnar atvinnubílstjóra hjá Samgöngustofu sem sérhæft valnámskeið.

Ferðatilhögun:

17.10.2017 - Þriðjudagur:

- Flogið til Frankfurt kl 07:35 og lent í Frankfurt kl 12:00
- Ekið til Mannheim, ( akstur í eina klst. ).
- Gist á Hótel Bismarck í Mannheim næstu tvær nætur í einmannsherbergi.

18.10.2017 - Miðvikudagur:

- Akstursþjálfun í Hockenheimring frá kl. 07:45 til 17:00, [sjá nánari dagskrá hér að neðan](#).

19.10.2017 – Fimmtudagur:

- Verksmiðjur í Mannheim skoðaðar með leiðsögn.
- Ekið til Gent í Belgíu þar sem að hópurinn sameinast hópi frá Guðmundi Jónassyni.

20.10. Föstudagur:

Eftir morgunverð er ekið til Kortrijk að sýningunni og deginum eytt þar. Ekið til Gent í lok dags.

21.10. Laugardagur:


Brottför frá hótelinu í Gent eftir morgunverð og ekið til Kortrijk. Deginum eytt á sýningarsvæðinu. Ekið til Gent í lok dags.

22.10. Sunnudagur:

Heimferðardagur. Ekið frá hóteli í Gent klukkan 10:30 að flugvelli í Brussel. Brottför flugs er kl 14:00 og lent í Keflavík klukkan 15:15

- Ferðin kostar á mann kr. 199.000. kr.
- Innifalið er flug fram og til baka, flugvallarskattar, námskeiðsgjald fyrir akstursþjálfun, ferðir milli staða, gisting í einmannsherbergi í tvær nætur með morgunmat í Mannheim, gisting í þrjár nætur í tveggja manna herbergi í Gent, skoðunarferð í verksmiðju og fararstjórn.
- Sjá nánar inná [gjtravel.is](http://gjtravel.is)

- Kostnað af ferðinni er að hluta til hægt að sækja í starfsmenntasjóði stéttarféлага.
- Fararstjóri verður Guðni Sveinn sem veitir nánari upplýsingar ( [899-1779](tel:899-1779)/[guдни@okuland.is](mailto:guдни@okuland.is) ) og sér hann einnig um að skrá þátttakendur.
- Hópurinn samanstendur af 12 einstaklingum.
- Dagskráin á Hockenheimring er á þessa leið:



08:00 – Tekið á móti hóp.

08:15 – Ekið um svæðið og það sýnt þátttakendum.

Farið yfir aðstöðu ökumanns við stýri og leiðbeint um stillingar á sæti, speglum og stjórnækjum ásamt því að sýndar verða hreyfingar afturhorna við beygju.

09:00 – Svigæfingar og 180° viðsnúningur ásamt æfingum í akstri afturábak.

10:30 – Nauðhæmlunaræfingar á mismunandi hraða.

12:45 – Hádegisverður.

13:45 – Æfingar í akstri niður brekku í hálku.

15:15 – Undir- og yfirstýring, verklegar æfingar.

16:30 – Samantekt um þjálfunina.

